

Nettímarit

Troðningur

17 tbl. Október 2010 - ISSN 1670-8776

Útgefandi:

Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Menning & List

Listaháskóli Íslands .

The Atlantic Road Triangle Art.

Eru dagblöðin hætt að fjalla um myndlist ?

Læknirinn - Teiknimynd.

Örlítill fróðleikur.

Borðum meiri sand.

Jam namm namm.

Beinverk.

Vissir þú ?



ICELANDIC
ART MAGAZINE



Í þessu blaði ætlar Troðningur aðeins að kynna myndlistánám sem boðið er upp á. Listaháskóli Íslands er þar fremstur. En innan hans veggja er boðið upp á margvíslegt nám, í nokkrum deildum.

Upplýsingarnar hér eru sóttar á heimasíðu skólans: <http://myndlistardeild.lhi.is/>

Námsbrautir

Í myndlistardeild er boðið þriggja ára nám í myndlist sem er alls 180 einingar. Nemendur ljúka að jafnaði 30 einingum á önn. Námið skiptist á milli listsköpunar til 132 eininga og fræðigreina til 48 eininga. Að loknu námi og tilskildum prófum og verkefnum hlýtur nemandi B.A. gráðu í myndlist.

Námið



Á 1. ári er lögð áhersla á að þróa myndmál og auka hugmyndaforða nemenda og kynna þeim liststefnur, aðferðir og tækni ólíkra miðla. Nemendur takast á við samtímalistfræði, auk þess að sækja margs konar

námskeið á verkstæðum skólans, svo sem í ljósmyndun, tölvuvinnslu, vídeó, tré- og járnsmíði, mótun, málun, prentun o.fl.

Á 2. ári er gefinn kostur á fjölbreyttu námi í vinnustofum með ýmsum listamönnum.


Listsköpunarþáttur námsins er í fyrirrúmi með áherslu á sjálfstæða vinnu. Nemendur sækja ráðgjöf til prófessora deildarinnar og utanaðkomandi listamanna. Í listfræði er lögð áhersla á sérhæft efni á svið listasögu og hugmyndafræði.

Á 3. ári stunda nemendur sjálfstætt nám sem lýkur með lokaverki og ritgerð. Lokaverkið er sýnt á útskriftarsýningu. Að loknu námi og tilskildum verkefnum og prófum í deild hlýtur nemandi B.A. gráðu.

Dagleg kennsla fer fram á tímabilinu kl.8.30 til 12.20 og frá kl.13.00 til kl.17.50. Kennsla er skipt niður í mislöng námskeið allt frá einni viku til tíu vikna. Í náminu er aðaláhersla lögð á vinnu á vinnustofu, fyrirlestra um listfræði, verkstæðiskennslu, þátttöku í

sérverkefnum og sjálfstætt nám.

Frá kl.8.30 til kl.12.20 sækja nemendur vinnustofur. Þær eru starfsvettvangur nemenda og leiðbeinenda. Þar eru tekin fyrir margs konar verkefni sem tengjast listsköpun svo sem hugmyndavinna, rannsóknir, aðferðir/tækni, sjálfstæð vinna o.fl. Frá kl.13.00 til kl.17.50 vinna nemendur sjálfstætt, sækja námskeið í listfræðigreinum eða í tækni og aðferðum.



Myndlistardeild

Í myndlistardeild er boðið þriggja ára nám, 180 einingar til B.A. gráðu. Megináhersla er lögð á að þroska frumlega hugsun og þróa ólíkar aðferðir við að koma hugmyndum í

viðeigandi form. Unnið er

með hugmyndir, úrvinnslu þeirra, framsetningu og gagnrýni. Leitað er samvinnu við starfandi listamenn, stofnanir og fyrirtæki um kennslu og þátttöku í sérhæfðum verkefnum.

Hlutverk myndlistardeildar er að vera leiðandi afl í myndlistarkennslu á háskólastigi og opinn vettvangur fyrir rannsóknir og almenna umræðu. Til þess er ætlast að nemendur og kennarar taki virkan þátt í menningarlífinu og viðhaldi lifandi tengslum við listheiminn.

Námið miðar að því að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð til listsköpunar, auki þekkingu sína og skilning á myndlist og verði hæfari til að takast á við hlutverk sitt og stöðu í samfélaginu sem listamenn.

Deildarforseti: Kristján Steingrímur Jónsson

Prófessorar

Hulda Stefánsdóttir

Haraldur Jónsson (til áramóta 2010)

Katrín Sigurðardóttir (í leyfi til áramóta 2010)

Ólafur Sveinn Gíslason



Hönnunar- og arkitektúrdeild

Hönnunar- og arkitektúrdeild skiptist í fjórar námsbrautir: grafíska hönnun, vöruhönnun, fatahönnun og arkitektúr. Nemendur fá B.A. gráðu að námi

loknu. Námsstími er þrjú ár og 180 einingar.

Námið miðast við að nemendur geti tekist á við fjölbreytt viðfangsefni á skapandi hátt. Þeir leita sér þekkingar á hinum ólíku sviðum innan greinarinnar og tileinka sér mismunandi aðferðir við úrlausnir á verkefnum sínum.

Hönnunar- og arkitektúrdeild miðar sig við sambærilegar deildir í viðurkenndum háskólum erlendis. Um leið og deildin tekur mið af alþjóðlegum kröfum sækir hún innblástur í menningu þjóðarinnar.

Deildarforseti: Jóhannes Þórðarson

Prófessorar

Arkitektúr: Steinþór Kári Kárason

Grafísk hönnun: Guðmundur Oddur Magnússon

Vöruhönnun: Sigríður Sigurjónsdóttir

Leiklistar- og dansdeild



Í leiklistar- og dansdeild er boðið nám á þremur brautum: leikarabraut, samtímadans og fræði og framkvæmd.

Leikarabraut er fjögurra ára nám, 240 einingar til B.F.A.

gráðu með aðaláherslu á þjálfun leikarans. Fræði og framkvæmd er þriggja ára nám, 180 einingar til B.A. gráðu í leiklist þar sem er jöfnum höndum fræðilegt og verklegt nám og lögð áhersla á leiklist í sem víðustu skilningi. Samtímadans er þriggja ára nám, 180 einingar til B.A. gráðu. Nemendur eru teknir inn á allar námsbrautir annað hvert ár.

Nám í leiklistar- og dansdeild miðar að því að nemendur öðlist þekkingu, færni og víðsýni á sínu sviði, þeir fái þjálfun í að útfæra hugmyndir í frjóum farvegi og að taka frumkvæði sem sjálfstæðir, skapandi listamenn. Samsetning námsins er mismunandi eftir brautum en almennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á helstu þáttum leik- og danslistarinnar og fái einbeitta þjálfun í þeim greinum sem tækni þeirra byggir á. Nemendur takast á við verkefni sín ýmist í hópum eða sem einstaklingar.

Deildarforseti: Ragnheiður Skúladóttir

Prófessor í leiklist: Stefán Jónsson

Lektor í leiklistarfræðum: Magnús Þór Þorbergsson

Fagstjórar

Leikaranám: Stefán Jónsson

Samtímadans Karen María Jónsdóttir

Fræði og framkvæmd: Magnús Þór Þorbergsson

Listkennsludeild

Í listkennsludeild eru þrjár leiðir í námi: meistarnám í listkennslu, 1 árs meistaranám fyrir þá sem hafa lokið diplóma frá LHÍ og diplómanám til kennsluréttinda.



Meistaranám í listkennslu er ný námsleið við Listaháskóla Íslands. Námið er 120 eininga M.A. nám eða fjögurra anna fullt staðnám. Nemendur geta tekið námið á lengri tíma en þó ekki lengur en átta önnum. Einnig er í boði 1

árs meistaranám til M.A. prófs fyrir þá sem hafa lokið 60 eininga diplóma frá LHÍ. Diplómanám til kennsluréttinda er 60 eininga nám.

Markmið Listaháskólans er að útskrifa kennara og leiðtoga sem hafa bæði mikla fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu og miðlunar. Með því að mennta listamenn til kennslustarfa vill skólinn efla hlut lifandi lista í fræðslu og menntun allra landsmanna og auka skilning á gildi skapandi hugsunar í öllu skólastarfi.

Deildarforseti: Kristín Valsdóttir

Deildarfulltrúi: Svanborg Matthíasdóttir

Tónlistardeild

Í tónlistardeild er boðið þriggja ára nám, 180 einingar, til B.Mus og B.A. gráðu. Annars vegar er lögð meginháhersla á hljóðfæraleik og söng, en hins vegar á almennt sérhæft tónlistarnám í menntun og miðlun, kirkjutónlist og tónsmíðum með áherslu á nútímatónsmíðar, kvikmyndatónlist, leikhústónlist, upptökustjórn eða nýmiðlun.

Einnig er í boði diplómanám ætlað sérstaklega hæfileikaríkum nemendum sem enn stunda almennt nám á framhaldsskólastigi, en standast kröfur skólans um kunnáttu og færni í tónlist.

Á meistarastigi er boðið tveggja ára, 120 eininga nám í tónsmíðum til M.A.-gráðu. Auk þess er í undirbúningi samevrópskt meistarnám sem er samstarfsverkefni 5 tónlistarháskóla í Evrópu. Listaháskólinn stefnir að því að hefja rekstur samevrópsku meistaranámsbrautarinnar haustið 2010.

Hlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarmenn og undirbúa þá fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Markmiðið er að þeir tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð,



auki við þekkingu sína og færni og rækti sjálfa sig sem sjálfstæða listamenn.

Námið skal standast alþjóðlegar kröfur og taka mið af fjölbreyttum verkefnum tónlistarmanna í tónlistarflutningi, nýsköpun og við kennslu. Útskrifaðir nemendur tónlistardeildar eiga að vera afl

sem auðgar samfélagið.

Deildarforseti: Mist Þorkelsdóttir

Prófessorar

Tónsmíðar og tónfræði: Kjartan Ólafsson

Kammertónlist og strengjaleikur: Gunnar Kvaran

Fagstjórar

Kammertónlist: Gunnar Kvaran

Píanó: Peter Maté

Strengjaleikur: Svava Bernharðsdóttir

Söngur: Elísabet Erlingsdóttir

Tónsmíðar og tónfræði: Kjartan Ólafsson



Aðrir skólar og námskeið.

Segja má að í næstum öllum sveitarfélögum landsins sé boðið upp á einhverskonar námskeið í myndlist.

Bæði eru það einstaklingar sem bjóða upp á þau eða félagasamtök og minni skólaeiningar s.b

Myndlistaskóli Reykjavíkur, Myndlistaskóli Kópavogs o.f.l.

Í nánast öllum þessum tilfellum er um fjölbreytt nám að ræða fyrir byrjendur og þá sem vilja bæta við sig grunnþekkingu í grunnnámi myndlistar.

Myndlistarfólk sem hefur menntað sig hefur einnig verið duglegt að bjóða upp á námskeið sem flest eru nokkuð vel sótt af almenningi.

Einnig eru starfandi félög í mörgum bæjum og sveitarfélögum, með innan sinna vébanda fólk sem er að fást við allskonar handverk. Sú flóra er allstór en er þar oftast áhugafólk sem hefur handverkið ekki sem aðalstarf. Þó er einnig allstór hópur sem náð hefur að gera handverk sitt sem aðalstarf. Margt af því fólk hefur ekki endilega menntað sig í gegnum

“viðurkennt“ nám, heldur hefur það verið duglegt að sækja námskeið sem boðið hefur verið upp á og hefur síðan getað gert það (handverkið) sem aðalstarf.

Æri algengur misskilningur er hjá almenningi að setja sama sem merki á milli handverksfólks og myndlistar.

Í sjálfu sér er það skiljanlegt því svo virðist sem ákveðinnar hræðslu gæti þegar skilgreina á, þarna á milli.

En langur vegur er þarna á milli. Til þess að skilja muninn þarf fólk sem áhuga hefur á því að setja sig allvel inn í heim myndlistarinnar til að skilja í hverju munurinn liggur. Hvorutveggja á fullan rétt á sér, og bæði hafa þessi eliment fylgt manningum frá örófi alda.

Troðningur lætur hér fylgja með tengla inn á síður helstu frjálsu myndlista skólanna, fyrir þá sem vilja leita sér frekari upplýsinga:

Myndlistaskóli Reykjavíkur:
<http://www.myndlistaskolinn.is/>


Myndlistaskóli Kópavogs:
<http://myndlistaskoli.is/>

Myndlistaskóli Akureyrar:
<http://www.myndak.is/>


Myndlistaskóli Mosfellsbæjar:
<http://www.myndmos.is/>

Teiknimyndin eftir Gummi

Glæný teiknimynda fígúra "Læknirinn"



Já komdu bar!
Ég kann líka karate!



Yfirhjúkkan vill að ég
dragði hana niður!




Hnífarnir hjá kokknum eru
algjörlega bitlausir?




Afhverju hangir sjúklingurinn
þarna í garðinum?



Get ég fengið sæti
á lista flokksins?




Dú verður að fara að sofa!
Annars get ég ekki skorið þig upp!



Eru hestar með stofugang?



Á rafvirkinn ekki að skipta
um perurnar?



Enn eitt rauðvínskvaldið
hjá hjúkkanum!

Um fjöllum um myndlist í fjölmiðlum ?



Af er það sem áður var !
Til margra ára var umfjöllun prentmiðlana á myndlist í hávegum höfð og oft á tíðum til mikillar fyrirmyndar. Í eðli sínu eru prentmiðlar hentugasta leiðin fyrir myndlist til að fjalla um og birta myndir af verkum og sýningum. Í raun má skipta miðlunum upp í þrjá

helstu flokkana: Prentmiðlar þar sem myndlist og hinn sjónræni þáttur á hvað best við. Hljóðmiðlar s.b útvarpsstöðvar, þar sem tónlist á best við og svo sjónvarpsmiðlar sem nær þá yfir hvoru tveggja. Síðan hefur fjórði miðillinn bæst við en það er netið sjálft. Í raun má segja að það sé hinn eini sanni “ fjölmiðill “ þar sem allar tegundir henta í raun. Í sjálfu sér má segja að sá miðill hafi tekið völdin og að fólk eyði meiri tíma á netinu en nokkurn tíman við lestur á blöðum eða öðrum miðlum. Kannski þess vegna hafa t.d blöðin gefið það upp á bátinn að skrifa eða fjalla um myndlist, almennt. Svo rammt kveður þetta áhugaleysi blaðanna að ekki einu sinni helstu söfn þessa lands fá hina minnstu umfjöllun um það sem þar fer fram. Allir sem það vilja sjá, sjá að gríðarlegt magn af umfjöllun fer fram í blöðunum um tónlist. Spyrja má, hvernig standi á því ? Jú ekki hlustar maður á blöðin. Sjónvarpið hefur aftur á móti helgað sér leikhúsinu og tónlistinni að mestu, með smá innskotum og þá helst eftir fréttatíma um myndlist.

Sjálfsagt geta miðlarnir komið með einhverjar skýringar á þessum viðsnúningi og þá sérstaklega gagnvart myndlistinni. Án efa eiga myndlistarmenn sinn þátt í þessu áhugaleysi blaðanna. Í raun er þetta áhugaleysi þeirra sjálfra algjörlega í takt við tímann. Þeir telja sér best borgið með því að segja ekkert sem hægt væri að hafa eftir þeim á opinberum veffangi. Og þá líklega ekki til að styggja einhverja “sponsera” við sig ?

Flest öll erlend alvöru blöð gera listgreinum jafnt undir höfði. Oft er sér blað með blöðunum sem fjallar eingöngu um “ Culture eða Art “.

Segja má að á síðustu 10 til 15 árum hafi menningin tapað þessum velvilja blaðanna. Sumir segja sjálfsögðum hlut og eðlilegri blaðamennsku ? Vera má einnig að þeir pennar sem hafi verið fengnir í þessi hlutverk hafi ekki náð að fanga athygli fólks ? Sjálfur er ég nokkuð á þeirri skoðun og vill meina að til þess að fjalla um menningu eða myndlist almennt þurfi að tala eða skrifa almennt mál án fimbulfambs um sértæka eða sértæk hugtök, sem fáir eða engir skilja nema einhverjir örfáir innviðir í viðkomandi listgrein. Kannski þess vegna hefur umfjöllun um tónlist fengið hið mikla rými á síðum blaðanna eins og raun ber vitni um. Og ekkert nema gott um það að segja, annað en að það sé ákaflega undarlegt sýn á prentmiðil. Máskæ einmitt að þessi sýn hafi orðið blöðunum að falli í samkeppninni á fjölmiðlamarkaðinum ?

Blöðin hafa einnig hafnað nánast allri fréttamennsku af landsmálum. Ekki eru lengur starfandi fréttaritara hér og þar um landið. Það heyrir undantekningum ef fréttir eru skrifaðar af aflbrögðum, atvinnumálum eða menningarmálum á landsvísu. Hinar smáu fréttir sem voru svo stórar í raun, í þjóðarsálinni, véku burt frá miljörðunum sem urðu til í bönkunum í Reykjavík. Jú nafli alheimsins er jú í því kaupþúni - og þar gerist allt á Íslandi ? Fyrir vikið misstu blöðin áskrift, sölu og lesningu og um leið tekjugrunnin á rekstri sínum. Það er í raun undarlegt að þau skuli ekki hafa skilgreint sjálfan sig og spurt sig hver sé ástæðan fyrir áhugaleysi lesenda og unnenda blaða á þeim ?

Troðningur skorar á fréttablöðin að endurskoða afstöðu sína gagnvart umfjöllun á myndlist. Troðningur trúir því að með því að flytja góða umfjöllun með skilmerkilegum myndum af list og menningu nái blöðin sér aftur á strik. Troðningur er líka sannfærður um að með endurkomu fréttaritara vítt og breitt um landið, muni blöðin endurheimta lestur sinn og áskrift.


Verða Íslensk jólatré svona árið 2010



Jólatréð 2010 ?

Árið 2008 vann ég með krökkum úr Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Eitt af verkunum sem við unnum var að gera jólatré sem kallað var "Kreppu jólatré". Jólatré þetta var unnið úr rusli eða hlutum sem krakkarnir og heimili þeirra notuðu dagsdaglega og voru umbúðir af allskonar

hlutum. S.b kornflex pakkar, jógúrt dósir, leikfangapappír of. o.fl. Að endingu var jólatréð um 230 cm á hæð og mjög skrautlegt og í raun bara nokkuð falllegt. Það var síðan notað á jólaskemmtun skólans. Í pakkanum fyrir framan jólatréð hljómaði svo tónverk sem krakkarnir unnu einnig sem hópur.



The Atlantic Road Triangle Art .

Samstarfsverkefni myndlistafólks frá Shetlandi, Noregi, Færeyjum og Íslandi.

All athyglisvert verkefni er komið í gang sem gengur undir heitinu " The Atlantic Road Triangle Art " og er samstarfsverkefni á milli fjögurra landa. Hugmyndin er að myndlistafólk frá þessum löndum vinni verk innan þessa ramma, og að í lok fari sýning á flakk frá einu landi til annars.

Þríhyrningurinn sem ramar inn sýningapemað er í raun sú leið sem sigld var fyrir á tímum á milli þessara landa.

Enn er hægt að vera með í þessu verkefni, og geta listamenn haft samband við Håkon Nordhaug, myndlistarmann í Noregi og skráð sig. Engin kvöð er í raun önnur sú en að listamenn hafi menntun frá viðurkenndum listaskólum og séu starfandi myndlistarmenn.


Söfn í hverju landi munu verða þátttakendur í verkefninu frá upphafi, svo og nokkur valin fyrirtæki sem munu veita stuðning á hverjum stað.

Löndin sem um ræðir eru; Shetland, Noregur, Færeyjar og Ísland.

Þeir sem vilja hafa samband og krá sig senda mail með CV upplýsingum til:
Håkon Nordhaug
hnordhaug@gmail.com

Farið verður yfir allar umsóknir og öllum svarað með nánari upplýsingum.

BORÐUM MEIRI SAND



Nýr geisladiskur með 11 nýjum barnalögum og textum er væntanlegur á þessu ári eða næsta. Öll login og textarnir eru eftir GRL. Hér er einn texti af disknum látin flakka með.

Ekkert má maður...

Margt er hér í heiminum,
sem maður ekki má.
Ekki má ég bíta og klóra,
sparka eða slá.
Ekki má ég heldur kasta
steinum upp í loft.
Og ekki má ég borða sand,
ég geri það samt oft.

Já ekki má ég krassa á vegg,
né sulla matnum í.
Ekki má ég heldur öskra
ef pabbi minn á frí.
Ég verð að raða skónum mínum
þegar ég kem heim.
Og ekki má ég aleinn fljúga
eitthvað út í geim.

Bannað er að bora í nefið,
og hella mjólk á gólf.
Og ekki má borða seinna,
bara klukkan tólf.
Svo má ég ekki heldur ulla
á fólk er gengur hjá.
Og ekki skella hurðunum
jólanóttum á .

Svo er líka alveg bannað
að hlaupa fyrir bíl.
Og ekki gæludýrið eiga,
mig langar svo í Fíl.
Það er vont að lifi í heimi
sem maður ekkert má.
Ég held ég vildi frekar vera
litla eða stóra tá .

Víðlesin þótt hann sé aðeins á Íslensku...

Traffic map

The coloration on the map indicates where your traffic comes from.



Eins og þeir vita sem kíkt hafa á Troðning er hann eingöngu gefin út í stafrænu formi á netinu. Nú þegar hafa 16 tbl. litið dagsins ljós. Það sem merkilegt er, er að blaðið hefur fengið gríðargóðar viðtökur um nánast allan heim. Við getum fylgst náið með hvaðan lesendur eru að koma og hversu oft blaðið er sótt. Áhugavert er að sjá að Rússland er þar mjög öflugur "lesandi". Einnig eru þarna lönd eins Canada, Suður Ameríka og mörg önnur lönd. Troðning hefur borist m.a mörg bréf frá löndum í S Ameríku !



Verk gerð úr beinum af dýrum eða mönnum ...

Það er óhætt að segja að maðurinn kunni að notfæra


sér alla skapaða hluti til að búa til eða endurskapa.

Troðningur lætur myndirnar hér tala sínu máli, en öll verkin hér eru gerð úr beinum. Listrænt mat leggur Troðningur ekkert fram enda þetta

sýnt meira til að hafa gaman af og kannski verða örlítið víðsýnni á hlutina í kringum sig ?



Bergþór og flugan.



Því lifa - “enda ertu ekki farinn að veða skiplagið að ári.”

Veturinn eftir þegar Bergþór sló upp méltunnuna til að gjalda sjómönnum sínum þá fló fluga upp úr tunnunni og ofan í Bergþór. Eftir það var alltaf ofan í honum að heyra sem suða í katli og verst þegar hann var í kirkju eður undir lestri. Þegar hann andaðist óaði alla hjá honum að vera og gat það engi nema Einar Gíslason, bróðir Guðrúnar í Lónshúsum. Var þá svo að heyra sem brakaði í hverju tré. Sagði hann það væri önnur sú óskemmtilegasta nótt og hin þegar hann vakti yfir Þorsteini sýslumanni á Hlíðarenda; og sér hefði orðið hverft við þegar hann bar líkkistu á öxlunum til graftar, eins og þá tíðkaðist. Var hann lítill vexti, en fremstur undir kistunni. Skauzt þá líkið allsbært úr kistunni.

Bergþór bjó á Rafnkelsstöðum. Hann var maður fjáður einkum að sjávarútvegi og átti mörg skip. Það var þá siður að gjalda sjómönnum skiplag sitt í mjöli, hverjum tvo fjórðunga eða þá annan í mjöli en hinn í hörðum fiski og færið skyldu þeir fá að vertíðarlokum; flestir létu þá fá stykki úr gömlu færi.

Þar var með sjómönnum Bergþórs unglingspiltur úr Norðurlandi ósjóvanur. En er hann vó skiplagið í þetta skipti vildi hann ekki gjalda drengnum nema helm-inginn og lét hann gjalda þess er hann var ekki sjóvanur. Drengurinn krafðist þess og gat þess að hann væri ekki of birgur að útgerð, enda mundi hann eiga það sem aðrir sem á hans vegum reru. Kom hart í með þeim en vann ekki á að heldur. Drengurinn sagði hann mundi ekki alla tíð á



Sýning í Molde Noregi

Gallery DYNAMO:

Þann 17. ágúst 2010 opnaði ég sýningu í Noregi sem hét Namm Jamm Jamm. Sýningin var í litlu galleýi sem heitir DYNAMO. Það er í litlu húsnæði sem áður var tóbaks og bókaverslun. Nokkurskonar söluturn. Húsið stendur eitt og sér við aðalgötuna í Molde. Það er friðað og má t.d. ekki undir neinum kringumstæðum

fjarlægja skiltið á húsinu. Þarna eru haldnar frumlegar og í flestum tilfellum óhefðbundnar sýningar. Töluverða eftirtekt fær þetta litla gallery þarna í bænum. Hægt er að skoða sýningarnar í gegnum gluggana eða þanta tíma hjá eigendunum. Hver sýning stendur í rúman mánuð. Hér fyrir neðan eru myndir af verkum og gjörningnum á opnun sýningarinnar.



12 skúlptúrar úr 3 tegundum af sultum og postulíni.



Horft út um gluggana. Marmelade á glerinu.



1. Gallerýið.



2. Skúlptúrarinn



3. Gjörningur

Vissir þú að ?

...Aðeins 1 af hverjum 2 milljörðum munu lifa til 116 ára aldurs

...Það er mögulegt að leiða kýr upp stiga en ekki niður

...Konur blikka augunum næstum tvöfalt oft en karlar

...snigill getur sofið í 3 ár

...ekkert orð í ensku rímar við month

...augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa

...allir snjóbirnir eru örvhentir

...forn-egyptískir prestar plokkuðu ÖLL hár af líkamanum, líka augnabrunirnar og augnhárin

...augun á strútum er stærri en heilinn í þeim

...typewriter er lengsta orðið sem hægt er að skrifa með aðeins einni röð á lykklaborðinu

...amerikanar borða að meðaltali 18 ekrur af pizzu hvern einasta dag

...ef þú myndir öskra í 8 ár, 7 mánuði og 6 daga myndir þú búa til næga orku til að hita 1 kaffibolla

...rottur fjölga sér svo hratt að eftir 18 mánuði geta tvær rottur átt milljón afkomendur

...súperman kemur fyrir í hverjum einasta sjónvarpsþætti af Seinfeld

...kveikjari var fundinn upp á undan eldspýtum

Nettímarit

Troðningur

17 tbl. Október 2010 - ISSN 1670-8776

Útgefandi:

Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Menning & List

Listaháskóli Íslands .

The Atlantic Road Triangle Art.

Eru dagblöðin hætt að fjalla um myndlist ?

Læknirinn - Teiknimynd.


Örlítill fróðleikur.

Borðum meiri sand.

Jam namm namm.

Beinverk.

Vissir þú ?



ICELANDIC
ART MAGAZINE